

FRÁ GRASRÓT TIL STÓRMÓTA

STEFNUMÓTUN

KSÍ

2023-2026

KSÍ





CONTENTS

3	Inngangur
4	Lykilstaðreyndir
6	Sýn, Markmið and Gildi
7	Áhersluatriði okkar og skuldbindingar til 2026
8	Þátttaka
12	Afreksstarf
16	Aðildarfélög
20	Innviðir
22	Samfélagsleg ábyrgð og sjálfbærni
26	Undirstöðurnar

INNGANGUR

Á undanförunum árum hefur samstaða þjóðarinnar spilað stórt hlutverk á tímum heimsfaraldurs og við vonum að sú samheldni verði enn til staðar á árum stefnumótunar KSÍ 2023-2026 – Frá grasrót til stórmóta.

Á undanförunum árum hefur samstaða þjóðarinnar spilað stórt hlutverk á tímum heimsfaraldurs og við vonum að sú samheldni verði enn til staðar á árum stefnumótunar KSÍ 2023-2026 – Frá grasrót til stórmóta.

Í kjölfar viðamikils samstarfs við UEFA Grow og þeirra stuðning við smíði stefnumótunarinnar eru þeir hlutir sem útlistaðir eru hér að neðan ekki einungis yfirlit yfir starfið þessi 4 ár, heldur einnig spennandi ferðalag sem við leggjum af stað í, þar sem allir hafa einhverju hlutverki að gegna. Okkar ástríða fyrir knattspyrnu, og sameiginlegt markmið okkar sem fámenn þjóð að ná árangri, skilur okkur frá öðrum þjóðum á alþjóðavettvangi. Stefnumótunin útlistar þau atriði sem drífa verkefnið áfram í von um að skapa bjarta framtíð fyrir íslenska knattspyrnu.

Áhugi þjóðarinnar á knattspyrnu og þátttaka í knattspyrnuhreyfingunni setur okkur í forystu íslenskrar íþróttahreyfingar. Á þessum 4 árum er það á okkar ábyrgð að hlúa að og halda í þennan áhuga og þátttöku svo hægt sé að ná sem bestum árangri, bæði innan sem utan vallar, með sérstakri áherslu á:

- Að þróa tækifæri fyrir þátttöku fólks
- Að nýta gögn til að styðja við þróun landsliða okkar
- Nánara samstarf við aðildarfélög okkar
- Þróun vandaðra innviða
- Að gera grein fyrir framlögum okkar til samfélagsmála og sjálfbærni

Nú þegar höfum við hafið gríðarmikla vinnu og árangur hennar orðinn sýnilegur sem er mjög hvetjandi að sjá. Við erum komin vel af stað, langt frá byrjunarreit þeirra viðmiða sem við byggjum á. Ein helsta vísbending þess árangurs er í því hvernig knattspyrna getur talist vera lífsstíll á Íslandi þar sem þúsundir barna, foreldra og forsjáraðila taka þátt á einn eða annan hátt

innan aðildarfélaga okkar og stuðla þannig að stórkostlegu umhverfi knattspyrnunnar.

Nú viljum við byggja á þessu til framtíðar og erum staðráðin í því að yfirfæra þennan anda og eldmóð sem við búum yfir í yngstu flokkum og á unglingastigi, yfir á afreksumhverfi landsliða okkar og félagsliða, bæði karla og kvenna.

KSÍ er aðeins hluti hinnar gríðarstóru knattspyrnuhreyfingar á Íslandi og við munum ekki geta náð okkar markmiðum ein. Til að gera okkar sýn að veruleika þurfa þessi 4 ár að taka mið af þeirri samheldni sem við höfum sýnt sem þjóð að undanförunu. Við viljum þakka ykkur öllum fyrirfram fyrir ykkar stuðning við stefnumótunina og aðgerðaráætlunina – við hlökkum til að fara saman í vegferðina Frá grasrót til stórmóta.

LYKILSTAÐREYNDIR

FIFA AÐILD

1947

UEFA AÐILD

1954



EILDARFJÖLDI FÉLAGA

100*

600* KARLKYNIS DÓMARAR

(4 FIFA dómara, 7 FIFA aðstoðardómara)



40* KVENKYNIS DÓMARAR

(1 FIFA dómari, 1 FIFA aðstoðardómari)

20,000
KARLKYNIS LEIKMENN

(17 ára og yngri: 16000,
18 ára og eldri: 4000)



10,000
KVENKYNIS LEIKMENN

(17 ára og yngri: 9000,
18 ára og eldri: 1000)

1720
KARLKYNIS ÞJÁLFAVARAR

(25 KSÍ Pro)



380
KVENKYNIS ÞJÁLFAVARAR

(4 KSÍ Pro)

SEM HAFNA HLOTIÐ ÞJÁLFAVARMENNTUN KSÍ

90% AF ÞJÁLFAVARUM Í GRASRÓTINNI
ERU MEÐ TILSKILDA MENNTUN

30 FJÖLDI ÞJÁLFAVARNÁMSKEIÐA Á ÁRI
heildar fjöldi þátttakenda er um 400-600
að meðaltali


32 STARFSMENN
Í FULLU STARFI

(skrifstofa, leikvangur,
þjálfarar)



14 FJÖLDI
STJÓRNARMANNA

(10 í aðalstjórn, þ.m.t. formaður,
4 í varastjórn)



17 FJÖLDI NEFNDA

(þ.m.t. nefndir sem eru kosnar
á ársþingi; án starfshópa)

LYKILSTAÐREYNDIR

71



STAÐA A-LANDSLIDS KARLA Á STYRKLEIKALISTA FIFA

desember 2023

STÆRSTI SIGUR (MÓTSLEIKUR): 7-0

egn Liechtenstein (mars 2023)

15



STAÐA A-LANDSLIDS KVENNA Á STYRKLEIKALISTA FIFA

desember 2023

STÆRSTI SIGUR (MÓTSLEIKUR): 12-0

gegn Eistlandi (september 2009)

KNATTSPYRNA ER VINSÆLASTA ÍÞRÓTT Á ÍSLANDI SAMKVÆMT MÆLINGUM

56% ÞJÓÐARINNAR HAFU ÁHUGA Á KNATTSPYRNU

70% KARLA (MEÐALTAL Í EVRÓPU ER 63%)

42% KVENNA (MEÐALTAL Í EVRÓPU ER 34%)

KOMDU Í FÓTBOLTA

60 FÉLÖG

1200 ÞÁTTTAKENDUR



(aukning úr 33 félögum og 700
þátttakendum árið 2019)



60 / 100*
FÉLÖGUM HAFU
STARFSEMI YNGRI FLOKKA

Keppnisleikir
(skipulagðir af KSÍ) frá
11-12 ára aldri – Yngri
flokka mót (skipulögð
af aðildarfélögum) frá
5 ára aldri

FJÖLDI DEILDARKEPPNA OG LIDA

KARLAR 5 DEILDIR:

- **Besta deildin.** 12 lið, 22 umferðir – í kjölfarið er deildinni skipt í tvennt, 6 lið í efri helmingi, 6 lið í neðri helmingi, og 5 umferðir spilaðar í hvorum helmingi (neðstu 2 lið í neðri helmingi falla)
- **Lengjudeildin.** 12 lið, 22 umferðir og 2 umferðir í umspili (2 leikir í undanúrslitum, heima og heiman, 1 úrslitaleikur), (2 lið fara upp um deild, 2 lið falla)
- **2. deild** 12 lið, 22 umferðir, (2 lið fara upp um deild, 2 lið falla)
- **3. deild** 12 lið, 22 umferðir, (2 lið fara upp um deild, 2 lið falla)
- **4. deild** 10 lið, 18 umferðir, (2 lið fara upp um deild, 2 lið falla)
- **5. deild** 2 riðlar með 8 liðum, 14 umferðir og tvær umferðir í umspili þvert á riðla (undanúrslit heim/heiman, 1 úrslitaleikur) (2 lið fara upp um deild, 2 lið falla)
- **Utandeild.** 7 lið í riðli, 14 umferðir (2 lið fara upp um deild)

KONUR 3 DEILDIR:

- **Besta deildin.** 10 lið, 18 umferðir – í kjölfarið er deildinni skipt í tvennt, 6 lið í efri helmingi (5 umferðir), 4 lið í neðri helmingi (3 umferðir), (neðstu 2 lið í neðri helmingi falla)
- **Lengjudeildin.** 10 lið, 18 umferðir (2 lið fara upp um deild, 2 lið falla)
- **2. deild.** 12 lið, 22 umferðir, (2 lið fara upp um deild)

*U.þ.b.

Sýn – Markmið – Gildi

Með því að byggja á þeim þáttum sem nefndir voru hér að framan mun framtíðarstarf okkar samrýmast eftirfarandi sýn, markmiðum og gildum, og við munum framkvæma aðgerðir og stýra verkefnum sem snerta á öllum stefnumótunarþáttum:

SÝN


FRÁ GRASRÓT TIL STÓRMÓTA

MARKMIÐ

Þróa tækifæri til þátttöku í knattspyrnu fyrir alla, og með því skapa umhverfi og umgjörð sem vinnur jafnt að faglegum gæðum og samfélagslegum breytingum, sem skilar sér í knattspyrnuupplifun sem við getum öll verið stolt af.

GILDI

Við erum samheldin, bjóðum alla velkomna, erum heiðarleg, ákveðin í að gera vel, árangursdrifin og metnaðarfull.



Áhersluatriði okkar og skuldbindingar til 2026

1.

Þátttaka – Þróa möguleika og tækifæri til þátttöku í knattspyrnu fyrir alla, óháð aldri, getu, tekjum eða kyni.

2.

Afreksstarf – Þróa teymi sérfræðinga sem hafa aðgang að gögnum og öðrum nauðsynlegum tólum í þeim tilgangi að styðja sem best við landslið okkar og hámarka möguleika þeirra á að ná árangri.

3.

Aðildarfélög – Halda áfram að efla og þróa reglulegt samtal við aðildarfélögin til að þekkja sem best þeirra stöðu og áskoranir, til að geta stutt við þeirra starf og verkefni eftir fremsta megni.

4.

Innviðir – Tryggja stuðning til að byggja upp innviði og aðstöðu KSÍ, s.s. þjóðarleikvang og æfingasvæði, til að efla knattspyrnulega umgjörð og auka rekstrartekjur.

5.

Samfélagsleg ábyrgð og sjálfbærni – Gera grein fyrir áhrifum starfs okkar á samfélagið til að auka skilning almennings á því hlutverki sem við gegnum á Íslandi og í heimi knattspyrnunnar, umfram frammistöðu landsliða okkar.

Grunnstoðir þessarar stefnumótunar eru stjórnunarlegir og fjárhagslegir þættir, sem og víðtækt samstarf við innleiðingu.



Pátttaka

Þrátt fyrir að knattspyrna sé sú íþrótt sem flestir á Íslandi tengjast og hafa áhuga á eru enn möguleikar fyrir fleiri einstaklinga til að taka þátt og upplifa knattspyrnu, með kostum þeirrar virkni sem henni fylgir og þeirrar vináttu sem hún skapar.

LYKILFRAMMISTÖÐUVÍSIR (KPI) FYRIR 2026

Þróa möguleika og tækifæri til þátttöku í knattspyrnu fyrir alla, óháð aldri, getu, tekjum eða kyni.

Við erum í þeirri forréttindastöðu á Íslandi hvað knattspyrnu varðar að mikill meirihluti landsmanna tengist íþróttinni nú þegar á einn eða annan hátt. Þessi tengsl byrja oft mjög snemma á lífsleið fólks og vegna þess er knattspyrna lífsstíll fyrir marga. Við erum stolt af því hvernig sú pátttaka skilar sér inn í félög um landið allt, til leikmanna, þjálfara og dómara. Þrátt fyrir að þessi tækifæri kunni að virka óendanleg fyrir ungmenni okkar, er staðreyndin sú að þessum tækifærum fækkar með aldri og getu, en við trúum því að það þurfi ekki að vera svo. Knattspyrna er fyrir alla og möguleikar til þátttöku, umfram þau sem eru í boði fyrir ungmenni okkar, þurfa að endurspeglast í því.

DÁTTAKA

ÁÆTLANIR	ÁÆTLANIR Í VERKI
Þróa og auka notkun okkar á gögnum til að bæta eða fjölga leiðum fólks til þátttöku í knattspyrnu	• Setja okkur markmið fyrir 2026 sem hægt er að vinna að frá 2024. Þar verður lögð fram samantekt iðkenda á öllum aldri með ítarlegri lýðfræðilegri sundurliðun sem veitir betri innsýn (3F 2023) • Þróa miðlægt kerfi fyrir gagnaöflun um bæði skráða og óskráða þátttakendur á landsvísu til að auka skilning á því hvar og hvernig við höldum þátttakendum og forðum brottfalli, og til að ná betur utan um raunverulegan fjölda þátttakenda (1F 2025) • Útfæra vinnu við samantekt fjölda iðkenda og hafa með í þeirri talningu þjálfara, dómara, starfsmenn og sjálfboðaliða aðildarfélaganna og finna þannig grunn til að setja markmið fyrir 2026 (1F 2025) • Vinna með hagaðilum (félögum og öðrum) við innleiðingu notendavænnar gagnastjórnunar á netinu til að tryggja að öflun gagna sé einfalt ferli og að gögnin séu aðgengileg til greiningar og stuðnings við ákvarðanatöku og skýrslugerð (3F 2025) • Vinna með Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands að þróun betri samræmingar og nákvæmni í ferli gagnasöfnunar aðildarféлага (skráningu iðkenda og annarra), með tilliti til þátttökufjölda, og leggja lokahönd á aðferð gagnaöflunar og reglulegrar uppfærslu (4F 2025) • Endurskoða og fínstilla okkar nálgun á því hvernig skráðir þátttakendur eru skilgreindir til að skilja betur fjölda þeirra þátttakanda sem spila eða taka þátt á annan hátt á öllum stigum knattspyrnunnar (4F 2025)
Þjóða gott úrval verkefna og leiða sem stuðla að ævilangri þátttöku í knattspyrnu fyrir alla	• Setja á fót útbreiðsluverkefni fyrir börn á öllu landinu, bæði fyrir byrjendur og lengra komna, sem byggir á niðurstöðum gagnagreiningar, og þróa útbreiðsluverkefni þar sem þörf er á, t.a.m. á svæðum þar sem iðkendur eru fáir (4F 2026) • Auka gæði grasrótarverkefna fyrir börn 15-18 ára til að stuðla að aukinni þátttöku og draga úr brottfalli í þessum aldurshópi (2F 2025) • Stækka „Komdu í fótbolta“ verkefnið, í samstarfi við sveitarfélög þar sem við á, til að auka þátttöku á meðal innflytjenda, fatlaðra og lágtekjufólks (4F 2024) • Fjölga grasrótarverkefnum eða þróa svo þau nái einnig til Futsal, fótboltafitness og göngufótbolta (2F 2024)



PÁTTTAKA

ÁÆTLANIR

Koma á skýrum leiðum fyrir þátttöku utan þess að vera leikmaður, virkja ást og upplifun fyrir leiknum og byggja upp næstu kynslóð þjálfara, dómara, sjálfboðaliða og starfsfólks aðildarfélaga

ÁÆTLANIR Í VERKI

- Þróa röð frásagna sem sýna hversu mikla þýðingu það hefur fyrir einstaklinga að vera þjálfari, dómari, sjálfboðaliði eða starfsmaður hjá félagi á Íslandi í þeim tilgangi að auka vitund og örva áhuga á hinum ólíku hlutverkum innan knattspyrnunnar (1F 2025)
- Halda áfram þeirri vinnu með aðildarfélögum að sýna og skýra betur hlutverk og mikilvægi bæði þjálfara og dómara, fyrir þá sem hafa áhuga á þeim hlutverkum. Þetta stuðlar að skýrari leið fyrir einstaklinga til að hefja sína vegferð sem þjálfari eða dómari.
- Halda áfram að hvetja til frekari þátttöku í knattspyrnu, t.d. með því að nýta fræðsluverkefni og -leiðir sem bjóðast í gegnum UEFA, og einnig í gegnum KSÍ-fræðsluviðburði og -leiðir eins og Ungmennaráð KSÍ, o.s.frv. (1F 2023)
- Ráða umsjónarmann dómara til að stuðla að enn betri þátttöku meðal aðildarfélaga og til að leiða leiðbeinanda- og skýrslukerfi sem þegar hafa verið sett á fót (1F 2023)
- Halda áfram að hvetja konur til að taka þátt í knattspyrnuhreyfingunni sem þjálfarar, dómamarar, starfsmenn aðildarfélaga og sjálfboðaliðar. Enn fremur halda áfram að hvetja kvenkyns þjálfara og dómara til að klifra metorðastigann með það markmið að auka fjölda kvenna í stöðu þjálfara og dómara í efstu tveimur deildum.



Afreksstarf

Landsliðin okkar eru helstu fyrirmyndir knattspyrnunnar á öllu landinu auk þess að leika lykilhlutverk tekjuöflunar. Öflugur stuðningur við þau mun efla vöxt íslenskrar knattspyrnu til margra ára.

LYKILFRAMMISTÖÐUVÍSIR (KPI) FYRIR 2026

Próa teymi sérfræðinga sem hafa aðgang að gögnum og öðrum nauðsynlegum tólum í þeim tilgangi að styðja sem best við landslið okkar og hámarka möguleika þeirra á að ná árangri.

Hvernig sem okkar hlutverk þróast erum við ævinlega metin af þeim árangri sem við náum með landsliðin. Þrátt fyrir þessa þröngu sýn velta möguleikar okkar á að hafa áhrif á framlag og frammistöðu landsliða okkar oft á því hversu vel við náum árangri á mörgum öðrum stefnumótandi áherslusviðum okkar og leið leikmanna upp landsliðsstigann. Hvort sem það eru gæði innviða og aðstaða sem veita bestu mögulegu umgjörð fyrir afreksleikmenn okkar eða þær leiðir sem við höfum til að laða að og viðhalda hæfileikaríkasta fólki sem landið okkar hefur upp á að bjóða, þá er þróun afreksíþróttamanna tengd okkar vinnu á öllum sviðum knattspyrnunnar. Til þess að koma á fót viðeigandi umgjörð fyrir hæsta stig knattspyrnu á Íslandi munum við leggja áherslu á að viðhalda háum gæðastöðlum, efla sérfræðigetú okkar og samstarf við aðildarfélögin, til þess að vinna í sameiningu að betri árangri landsliða okkar.



ÁÆTLANIR

Við ætlum að tryggja að góðar frammistöður liða okkar verði til þess að leikjum þeirra fjölgi eins mikið og hægt er

ÁÆTLANIR Í VERKI

- Fjölga leikjum yngri landsliða (4F 2026)
 - U15 karla/U15 kvenna spili að meðaltali 6 leiki á ári í stað 3
 - U16 karla/U16 kvenna spili að meðaltali 9 leiki á ári í stað 6
 - U17 karla/U17 kvenna spili að meðaltali 6 leiki á ári í stað 3
 - U19 karla/U19 kvenna spili að meðaltali 10 leiki á ári í stað 7
 - U20 karla/U21 kvenna spili að meðaltali 4 vináttuleiki á ári í stað 2
 - U23 kvenna spili að meðaltali 4 vináttuleiki á ári í stað 1
- Stefna á að A-landslið karla komist á stórmót (Q4 2026)
- Stefna á að A-landslið kvenna komist á stórmót (Q4 2026)
- Stefna á að yngri landslið í öllum aldursflokkum taki þátt í a.m.k. einu alþjóðlegu móti (Q4 2026)
 - U21 karla - komast á a.m.k. 1 Evrópumeistaramót
 - U19 karla - komast árlega í milliriðil - komast á a.m.k. 1 Evrópumeistaramót
 - U19 kvenna - komast árlega í milliriðil - komast á a.m.k. 1 Evrópumeistaramót
 - U17 karla - komast árlega í milliriðil - komast á a.m.k. 1 Evrópumeistaramót
 - U17 kvenna - komast árlega í milliriðil - komast á a.m.k. 1 Evrópumeistaramót
- Halda áfram að kynna og innleiða nýja leikfræði og afreksstefnu þvert á öll landslið, til að stuðla að stöðugleika í okkar nálgun og vissu um það til hvers við ætlumst af leikmönnum landsliða okkar og því hvernig við spilum leikinn.

ÁÆTLANIR	ÁÆTLANIR Í VERKI
Efla færni okkar og auka sérfræðiþekkingu í að nýta betur upplýsingar okkar og gögn um frammistöðu	• Ráða leikgreinanda (video analyst) til að vinna þvert á öll landslið (4F 2024) • Ráða styrktarþjálfara til að vinna þvert á öll landslið (4F 2024) • Ráða markmannsþjálfara í þjálfunarteymi okkar til að vinna þvert á öll landslið (4F 2023) • Byggja upp starfsteymi þvert á yngri landslið okkar, til að einfalda verksvið og ábyrgð þjálfara, og til að virkja einstaklinga í vinnu ákveðinna verkefna sem tengjast sérfræðiþekkingu þeirra (4F 2023) • Ráða frammistöðuþjálfara (e. performance coach) til að vinna þvert á öll landslið undir 18 ára aldri (4F 2024) • Þróa hlutverk sálfræðings landsliða okkar til að mæta aukinni þörf á því sviði (4F 2024) • Ráða verktaka til að tryggja að heilsufarseftirlit og læknisskoðanir allra landsliðsmanna uppfylli staðla UEFA (4F 2024) • Bæta nálgun okkar í geymslu og nýtingu gagna um landsliðin, einkum á sviði sálræns og líkamlegs mats til að fylgjast með frammistöðu og framförum (4F 2023)
Þróa og innleiða gæðastaðal fyrir afreksáætlanir	• Vinna að því að lengja þann tíma sem leikmenn verja með landsliðum í landsliðsverkefnum um einn dag, til að mæta þeim tíma sem annars fer í ferðalög og annan undirbúning fyrir leiki aðra en vináttulandsleiki (4F 2024) • Þróa nálgun okkar á prófunum og þeim viðmiðum sem við höfum með því að efla notkun tækni í þróun leikmanna og þjálfara. Gæta þess að öll landslið notist við myndbandsgreiningar og búnað sem mælir frammistöðu til að stuðla að þessari þróun (4F 2023) • Gæta þess að þeim gögnum sem við höfum og miðum við sé deilt meðal landsliðsþjálfara okkar og greining þeirra sé unnin í samræmi við okkar leikfræðilegu nálgun, til að styðja við greiningu og mótun hæfileika (4F 2023) • Bæta tenginguna á milli landsliða okkar upp landsliðsstigann með því að innleiða sömu ferla, reynslu og gæðastaðla, bæði fyrir leikmenn og þjálfara (4F 2023) • Viðhalda samstarfi við skóla sem snýr að vetraræfingum yngri landsliða okkar og uppfæra tengda fræðsluviðburði okkar eftir þörfum • Þróa enn frekar tengsl okkar og samstarf við aðildarfélög með því að bjóða þjálfurum frá félögum að taka þátt í verkefnum landsliða, og gefa þeim þannig tækifæri til að kynnast stöðlum sem settir eru í umgjörð landsliðs og stuðlað að innleiðingu þeirra í aðildarfélögum (4F 2023)





Aðildarfélög

Aðildarfélög KSÍ eru þungamiðja allrar knattspyrnu í landinu. Markmið félaganna er að tryggja umgjörð í hæsta gæðaflokki þegar kemur að því að móta bestu leikmenn, þjálfara og dómara sem Ísland hefur upp á að bjóða.

LYKILFRAMMISTÖÐUVÍSIR (KPI) FYRIR 2026

Halda áfram að efla og þróa reglulegt samtal við aðildarfélögin til að þekkja sem best þeirra stöðu og áskoranir, til að geta stutt við þeirra starf og verkefni eftir fremsta megni.

Áður en við lítum fram á veginn til þess sem við vonumst til að ná með aðildarfélögum okkar fyrir árið 2026, er vert að nefna að stefnumótunarferlið hefur gefið okkur tíma til að endurspeglar og vera stolt af því umhverfi sem hefur verið þróað hingað til. Frá 5-6 ára aldri er ekki óalgengt að leikmenn æfi 3-4 sinnum í viku, hafi þjálfara með UEFA þjálfaramenntun, í skemmtilegu og lifandi umhverfi með fjölmörgum öðrum iðkendum. Þetta er draumastaða fyrir byrjendur í fótbolta. Þetta er sérstaklega raunin þegar horft er til þess að tækifærin eru í jafnvægi fyrir stráka og stelpur. Til að byggja á þessum árangri mun tímabil þessarar stefnumótunar snúa að því að þróa rétta starfsfólkið og umgjörð með aðildarfélögum okkar og tryggja að menntun og þróun sé í hæsta gæðaflokki. Með þessari nálgun reynum við að styðja sem best við aðildarfélög okkar í viðleitni þeirra við að ná árangri og dafna í sínu starfi og þátttöku í mótum og keppnum, í breyttu mótafyrirkomulagi þar sem við á.

ÁÆTLANIR

Stuðningur við aðildarfélög okkar við að koma á fót og festa í sessi viðeigandi hæfni og þekkingu starfsfólks, skipulag og verklag til að þróa gæði knattspyrnunnar

ÁÆTLANIR Í VERKI

- Vinna með aðildarfélögum við þróun á hæfni starfsfólks, þ.m.t. styrktarþjálfara og leikgreinenda með það markmið að 80% aðildarfélaga í efstu tveimur deildum hafi slíka aðila á sínum snærum (4F 2026)
- Byggja ofan á vel heppnaða þróun þjálfara með UEFA A og B réttindi á öllu landinu og gera að minnsta kosti 12 þeirra að UEFA Pro License þjálfurum á tveggja ára fresti (4F 2026)
- Auka fjölda kvenkyns þjálfara á meðal aðildarfélaga okkar svo hlutfall þeirra verði 20%. Í dag eru 30% iðkenda kvenkyns og minna en 10% þjálfara eru kvenkyns (4F 2026)
- Styðja aðildarfélög okkar við að kynna störf dómara og eftirlitsmanna á jákvæðan hátt til að tryggja að við höfum í það minnsta 40 eftirlitsmenn og á milli 8-900 dómara á okkar snærum (4F 2026)
- Setja á fót hvatakerfi fyrir félög til að „framleiða“ dómara á öllum stigum (4F 2024)
- Ráðfæra okkur við aðildarfélög til að setja upp viðeigandi leiðir og hvata til að styðja við yngri leikmenn (U17-U21) innan aðildarfélaga, til að veita þessum leikmönnum möguleika á að fá þær mínútur inni á vellinum sem þeir þurfa fyrir þeirra áframhaldandi þróun (4F 2024)
- Hefja viðræður við aðildarfélög og aðra viðeigandi aðila um innleiðingu VAR-kerfis á öllum leikvöngum og leikjum í Bestu deild (4F 2023)
- Fylgjast reglulega með áhrifum breytinga á mótafyrirkomulagi deilda til að mæla áhrif þeirra á samkeppnishæfni deildarinnar

ÁÆTLANIR

Þróa og bjóða nauðsynleg menntunarúrræði, í staðbundinni kennslu sem og á netinu, fyrir sjálfboðaliða og starfsfólk félaga, þjálfara og dómara til að efla getu sína og þekkingu

ÁÆTLANIR Í VERKI

- Vinna árlega áætlun um fræðslumöguleika fyrir sjálfboðaliða, þjálfara og dómara og kynna möguleikana opinberlega (Q1 2024)
- Fjölga þátttakendum á fræðslunámskeiðum okkar (1F 2024)
 - Bjóða upp á fræðsluefni á netinu fyrir sjálfboðaliða aðildarfélaga
 - Auka fjölda þjálfara í samræmi við aukna þátttöku
 - Auka fjölda árlegra fræðslunámskeiða til að fjölga dómurum
- Halda áfram að hafa í huga þá möguleika sem felast í því að bjóða upp á fræðsluviðburði og námskeið í gegnum netið, og vinna rafrænt fræðsluefni sem sjálfboðaliðar, þjálfarar og dómarar geta nálgast með sem einföldustum hætti
- Allir FIFA (milliríkja) og landsdómarar fá VAR (myndbandsdómgæslu) þjálfun í samræmi við viðeigandi áætlun um innleiðingu
- Halda áfram að tryggja að nálgun okkar á þjálfaramenntun endurspegli bestu starfsvenjur þjálfarasáttmála UEFA (e. UEFA Coaching Convention)
- Halda áfram að þróa fræðsluviðburði okkar og námskeið svo þau feli í sér áherslu á þau gildi og viðmið sem við viljum sjá í allri knattspyrnuhreyfingunni til að skapa besta mögulega umhverfi fyrir leikmenn, þjálfara, dómara og áhorfendur

Efla þær leiðir sem við höfum til að tengjast og vinna með aðildarfélögum okkar til að tryggja að við séum að mæta ólíkum þörfum þeirra eins og hægt er

- Viðhalda reglulegu samtali við aðildarfélög til að skilja stöðu þeirra, áskoranir og þann stuðning sem þau þurfa á að halda
- Koma á fót árlegum þjónustu- og viðhorfskönnunum til að meta þjónustustig KSÍ og að hve miklu leyti við mætum þörfum aðildarfélaga
- Innleiða nýtt mótakerfi til að bæta verklag og einfalda samskipti við aðildarfélög og aðra aðila (4F 2024)
- Tryggja að öll samskipti við aðildarfélög séu skjót og persónuleg
- Tengjast UEFA Grow og öðrum knattspyrnusamböndum til að skilja og tileinka okkur bestu mögulegu aðferðir við að vinna með og tengjast aðildarfélögum
- Halda áfram góðu samtali við félög varðandi fyrirkomulag móta og keppnistímabil til að koma í veg fyrir árekstra sem geta komið til vegna þátttöku félagsliða í Evrópukeppnum (4F 2023)





Innviðir

Til að gera vinnu okkar kleift að blómstra bæði innan sem utan vallar þarf að ráðstafa bæði tíma og auðlindum í þróun og viðhald á innviðum. Gæði aðstöðu okkar og umhverfis verka sem viðmið fyrir það sem við gerum.

LYKILFRAMMISTÖÐUVÍSIR (KPI) FYRIR 2026

Tryggja stuðning til að byggja upp innviði og aðstöðu KSÍ, s.s. þjóðarleikvang og æfingasvæði, til að efla knattspyrnulega umgjörð og auka rekstrartekjur.

Allir meðlimir knattspyrnuhreyfingarinnar ættu hafa aðgang að fyrsta flokks aðstöðu til að iðka og njóta knattspyrnu. Að því sögðu geta ólíkir landfræðilegir þættir og veðurfar haft áhrif á aðgengi að knattspyrnuaðstöðu eftir því hvar fólk býr. Þótt þessir þættir verði ávallt áskorun vitum við að þeir eru ekki ástæða þess að gæðamunur er á aðstöðu milli aðildarfélaga, né ástæða fyrir því að ekki skuli reisa nýja eða betri aðstöðu. Það þýðir einfaldlega að við þurfum að huga enn betur að staðsetningu, kostnaði og áætlanagerð mannvirkja þegar við leitum leiða við að þróa innviði okkar á skilvirkan hátt. Með allt þetta í huga skulu framkvæmdir ávallt vera byggðar á þeim þörfum sem eru fyrir hendi. Hvort sem það er í formi endurnýjunar á aðstöðu ungmenna eða nýrrar aðstöðu fyrir afreksíþróttamenn erum við staðráðin í því að byrja á því að þróa og bæta núverandi aðstöðu þar sem mögulegt er og fylgja bestu sjálfbærniaðferðum fyrir nýja uppbyggingu.

ÁÆTLANIR	ÁÆTLANIR Í VERKI
Afla frekari og nánari gagna um núverandi aðstöðu til knattspyrnuíðkunar og samlaga þá vinnu að eftirspurn og þörf knattspyrnunnar á öllu landinu	• Safna gögnum um þá aðstöðu sem þegar er til staðar á landsvísu og tryggja að upplýsingar um þær séu réttar (4F 2023) • Framkvæma gæðamat til að ákvarða að hve miklu leyti núverandi aðstaða uppfyllir nauðsynlega gæða- og öryggisstaðla (4F 2023) • Framkvæma gæðamat til að skilja að hve miklu leyti núverandi aðstaða er nýtt og hvort hún mæti þörf knattspyrnuhreyfingarinnar (4F 2023)
Hefja samráð og framkvæma hagkvæmisathuganir varðandi uppbyggingu innviða á öllum þrepum	• Hefja viðræður við hið opinbera og aðra hagsmunaaðila um gerð langtímaáætlunar um uppbyggingu innviða. Samræma niðurstöður gæðamats og að hve miklu leyti þörfum er mætt, til að setja saman áætlun um uppbyggingu, endurbætur og viðhald (3F 2024) • Keppast við að fá nýjan þjóðarleikvang. Nýta fyrirliggjandi gögn sem safnast hafa í gegnum hagkvæmnisathuganir og aðrar rannsóknir og vinna með lykilaðilum, sér í lagi yfirvöldum, til að varpa ljósi á kosti þess að þróa og byggja nýjan þjóðarleikvang. (F2 2024) • Kanna aðra mögulega leikstaði fyrir landslið okkar og félagslið í Evrópukeppnum og leiðir til að styðja við fjármögnun á uppbyggingu og/eða endurbótum leikvanga til skamms tíma til að leysa þær áskoranir sem við erum að glíma við í dag (4F 2023) • Taka saman og vinna þau gögn sem við höfum um þörfina á nýrri knattspyrnumiðstöð (e. technical center) og æfingaaðstöðu til að skapa landsliðunum og íslenskri knattspyrnu heimili (2F 2025)
Veita þeim aðildarfélögum sem hafa áhuga stuðning og leiðsögn til að bæta innviði sína og aðstöðu	• Þróa úrræði sem varpa ljósi á möguleika innlendra jafnt sem erlendra fjármögnunar, sem og mögulegar undanþágur frá skatti (4F 2024) • Deila þekkingu varðandi vetraraðstöðu fyrir æfingar og keppni og viðhald gervigrasvalla sem við öflum með því að vinna með UEFA og öðrum knattspyrnusamböndum (4F 2024) • Vera vakandi fyrir nýjungum og deila þekkingu um t.d. flóðlýsingu og aðra kosti en örplast í fyllingu gervigrasvalla, sem og nýjungar í viðhaldi og uppbyggingu annarra tegunda valla • Uppfæra mannvirkjareglugerð KSÍ og reglugerð fyrir mannvirkjasjóð KSÍ með áætlun um endurbætur á aðstöðu, með tilliti til sjálfbærnistefnu UEFA (e. UEFA Sustainability Strategy) og leiðarvísi UEFA um mannvirki og innviði (e. UEFA Strategy and Infrastructure Guidelines) (4F 2023)



Samfélagsleg ábyrgð og sjálfbærni

Með hið gríðarstóra hlutverk sem knattspyrnan leikur í okkar samfélagi ber okkur skylda til að vinna bæði á ábyrgan og sjálfbæran hátt, sem og að gera grein fyrir áhrifum vinnu okkar og hvernig aðrir geta lagt sitt af mörkum.

LYKILFRAMMISTÖÐUVÍSIR (KPI) FYRIR 2026

Gera grein fyrir áhrifum starfs okkar til að auka skilning almennings á því hlutverki sem við gegnum í samfélaginu á Íslandi og í heimi knattspyrnunnar, umfram frammistöðu landsliða okkar.

Með því að byggja á árangursríkri framkvæmd á stefnu KSÍ um samfélagsleg verkefni, mun næsta stig vinnu okkar snúa að því að virkja innri og ytri hagsmunaaðila til að hámarka áhrif aðgerða. Einnig munum við leitast eftir því að bæta leiðir til að meta og miðla aðgerðum okkar til almennings í þeirri von um að auka vitund og skilning á því sem við gerum til að styðja við samfélagið og stuðla að sjálfbærni.

Besta leiðin til að vinna þessi mál er að vera raunsæ í því hverju við viljum áorka. Þessi stefnumótun mun því ekki verða til þess að leysa öll vandamál sem kunna að blasa við. Samfélagsleg ábyrgð og sjálfbærni knattspyrnunnar eru gríðarstór mál sem tengjast öllu starfi sem fer fram innan sambandsins. Því er samræmd og yfirveguð nálgun lykilatriði í vegferð okkar að breytingum til hins betra.

SAMFÉLAGSLEG ÁBYRGÐ OG SJÁLFBÆRNI

ÁÆTLANIR	ÁÆTLANIR Í VERKI
Festa í sessi skipulag og stjórnun verkefna á sviði samfélags og sjálfbærni, og veita skýra yfirsýn um hvernig samstarfsaðilar geta stutt aðgerðir okkar	• Einfalda og straumlínulaga hlutverk og ábyrgð á samfélagslegum verkefnum milli deilda KSÍ (3F 2023) • Gefa félögum og þátttakendum í íslenskri knattspyrnu skýr tækifæri til að leggja sitt af mörkum í verkefnum okkar og aðgerðum á sviði samfélagslegrar ábyrgðar og sjálfbærni (1F 2024). • Vinna árlega með að lágmarki tveimur góðgerðarsamtökum (eða öðrum aðilum) til að auka áhrif samfélagslegrar ábyrgðar okkar • Vinna með deildum og starfsmönnum KSÍ sem gegna lykilhlutverki þegar kemur að viðburðum á vegum KSÍ, t.d. ársþingum og landsleikjum, til að hafa sjálfbærnisjónarmið í huga í tengslum við í allt sem við gerum • Samræma verkefni okkar og aðgerðir við sjálfbærnistefnu UEFA og leiðarvísi UEFA um mannvirki og innviði, og eiga samskipti við önnur knattspyrnusambönd á þessu sviði, með það fyrir augum að deila þekkingu og reynslu á alþjóðasviðinu
Vinna samfélagsleg verkefni sem er ætlað að hafa raunveruleg áhrif og veita öllum sem vilja og geta möguleika á að gerast virkir þátttakendur	• Veita góða yfirsýn yfir vonir og væntingar okkar, og möguleg verkefni á eftirfarandi sviðum (3F 2023): – Heilsa og vellíðan – Jafnrétti – Iðnaður, nýsköpun og innviðir – Ábyrg neysla og framleiðsla • Vinna áfram með góðgerðarsamtökum (eða öðrum) og tengdum hagaðilum á landinu öllu að tveimur vitundarverkefnum á ári að lágmarki sem varpa ljósi á og hjálpa til við að takast á við málefni og áskoranir okkar samfélags. Þessi verkefni telja til en einskorðast ekki við: – Konur í knattspyrnu – Andleg heilsa – Öruggt umhverfi – Mannréttindi – Áreiti á samfélagsmiðlum • Tryggja að öll verkefni og aðgerðir innihaldi bæði nauðsynleg tækifæri og endurgjöf til að og safna gögnum til að sýna fram á áhrif þeirra (3F 2023)

ÁÆTLANIR

Auka og bæta leiðir til að vekja athygli á verkefnum okkar og aðgerðum með það fyrir augum að bæta ímynd og orðspor KSÍ og laða til okkar samstarfsaðila

ÁÆTLANIR Í VERKI

- Vinna með sérfræðingum UEFA við að innleiða og virkja aðferðir við að mæla og fylgja eftir ímynd og orðspori KSÍ á hverjum ársfjórðungi (3F 2023).
- Halda áfram að vinna með þau gögn sem við söfnum um ímynd og orðspor til að mynda aðgerðaráætlun fyrir þau svæði sem þurfa mest á bætingu að halda
- Gera grein fyrir bestu samsetningu mælinga á árangri, s.s. virkni á samfélagsmiðlum, fjölmiðlaumfjöllun, fjöldi þátttakenda og áhorfenda, o.s.frv., til að meta og gera grein fyrir áhrifum okkar á öllum sviðum okkar vinnu (3F 2023)
- Halda áfram að vinna ársskýrslu þar sem gerð er grein fyrir áhrifum verkefna okkar og aðgerða
- Vinna kynningarefni um að minnsta kosti tvö samfélagsleg verkefni á hverju ári til að auka meðvitund almennings og veita enn betri innsýn fyrir utanaðkomandi samstarfsaðila sem hafa áhuga á að starfa með og styðja KSÍ
- Kanna áhrif knattspyrnuhreyfingarinnar á almenna heilsu (líkamlega og andlega) í samfélaginu með rannsóknum á beinum arði af fjárfestingu í knattspyrnu (UEFA SROI/AIM) (2F 2024)



UNDIRSTÖÐURNAR

Þrátt fyrir að áhersla okkar þessi fjögur ár verði á þau fyrirhuguðu verkefni og aðgerðir sem þegar hefur verið fjallað um væri ekkert af því mögulegt án góðrar undirstöðu á sviði stjórnunar, fjármála og samstarfs. Þessar mikilvægu stoðir er grunnur allrar ákvarðanatöku og veita upphafspunkt sem allar stefnumarkandi aðgerðir eru unnar út frá. Með því að bæta þessa þætti er hægt að bæta alla vinnu sem fer fram innan sambandsins.

Stjórnun

Góð framkvæmd fyrirhugaðra stefnumarkandi aðgerða okkar veltur á skilvirkni okkar sem knattspyrnusambands. Skilvirkni verður að vera forgangsatriði svo auðlindir okkar séu nýttar sem best til að veita okkar frábæra starfsfólki það sem þarf til að ná árangri, samhliða því að innræta sjálfsöryggi og traust í knattspyrnuhreyfinguna sem við þjónum.

Til að veita innsýn í sum fyrirhuguð verkefni og aðgerðir munum við:


- Rýna hlutverk, kjörtímabil og verklag við atkvæðagreiðslur stjórnar og nefnda svo unnt sé að styðja sem best við þróun knattspyrnuþróttarinnar.
- Rýna skipurit og endurskoða eins og þörf krefur til að styðja sem best við áætlun um innleiðingu stefnumótunar og stuðla að skýru skipulagi verkefna og ábyrgðar innan samtakanna.
- Vera gagnsæ og opin í samskiptum, taka ábyrgð á verkefnum og aðgerðum, og miðla þekkingu innan knattspyrnuhreyfingarinnar.

Fjármagn

Fjármagn er eldsneyti allra aðgerða. Án fjármagns og skilvirkar skipulagningar fyrir áætlanir næstu ára getur vistkerfi knattspyrnunnar sem við höfum þróað staðnað. Til þess að vernda leikinn fyrir bæði núverandi og framtíðar kynslóðir þarf að fjölga tekjuleiðum og auka fjölbreytni. Við megum ekki reiða okkur á eina uppsprettu. Við þurfum að búa til virði úr þeim eignum sem við höfum og vega og meta útgjöld með afrakstur í huga.

Til að veita innsýn í sum verkefni og aðgerðir munum við:

- Kanna alþjóðlegar og evrópskar fjármögnunarleiðir, aðrar en þær sem nú eru til staðar frá og í gegnum UEFA og FIFA.
- Setja saman markaðs- og réttindapakka með það fyrir augum að hámarka virði eigna okkar og hugverka, og gæði þjónustunnar sem við veitum.
- Þróa leiðir sem styðja við tekjuöflun allrar knattspyrnuhreyfingarinnar.



Samstarf

Áhrif okkar á knattspyrnu næst ekki með framlagi eins einstaklings heldur með framlagi allra hagsmunaaðila, bæði innan sem utan sjálfs knattspyrnusambandsins. Hvort sem það er með fjármögnun, þekkingu eða tíma, þá myndar ástríða okkar fyrir knattspyrnu tengingu og möguleika á gríðarlegum áhrifum innan hreyfingarinnar. Það er því mikilvægt að líta á samsetningu teymis KSÍ sem meira en þá sem eru inni á vellinum og skrifstofum okkar, heldur líta til allra þeirra sem hafa áhuga á og ástríðu fyrir knattspyrnu sem mögulegra samstarfsaðila til að styðja við okkar vinnu.

Til að veita innsýn í sum verkefni og aðgerðir munum við:

- Vinna náið með yfirvöldum, sveitarstjórnun og öðrum íþróttahreyfingum á Íslandi til að sýna fram á markmið okkar um samfélagslega breytingu.
- Viðhalda og styrkja tengsl við þá samstarfsaðila sem þegar eru hluti af okkar vegferð að styðja íslenska knattspyrnu.
- Vera markviss og sníða samskipti okkar að hverjum og einum þannig allir hagsmunaaðilar, bæði núverandi eða hugsanlegir, séu meðvitaðir um framlag okkar til samfélagsins og hvernig þeir geta tekið þátt.



Upphaf vegferðar

Nú ætti það að vera ljóst að þrátt fyrir að hafa smíðað þessa stefnumótun okkar þá er það einungis hluti á því sem hefur verið skipulagt fyrir þróun knattspyrnu á Íslandi þessi fjögur ár. Á þessum tíma, með tilliti til þess að verkefni okkar og aðgerðir þurfi að vera sveigjanlegar til að mæta mögulegum breytingum, þá mun okkar skuldbinding við þau stefnumótandi áhersluatriði og undirstöður sem hefur verið fjallað um ekki breytast í ljósi þess að þetta er það sem þarf fyrir langtímaframþróun og vöxt íslenskrar knattspyrnu.

Sem hluti af þessari vegferð, og með aðstoð UEFA Grow, þá hefur verið ánægjulegt og gefandi að setja upp markvissa áætlun um langtíma nálgun á þróun knattspyrnu á Íslandi. Við viljum þakka öllum stjórnarmönnum, starfsmönnum, samstarfsaðilum og öðrum þátttakendum fyrir þeirra framlag og fyrir áframhaldandi viðleitni þeirra til að aðstoða við að gera markmið okkar að veruleika.

